Nr. 21.
4.
nóvbr.

Lög

um

breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stormæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, mega vega allt að 5 pd.

2. grein.

Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd.

3. grein.

Burðareyrir fyrir krossbandssendingar þær, sem getið er um í 1. grein skal vera 3 aurar fyrir hver 10 kvint eða minni þunga.

Burðareyrir fyrir böggulsendingar þær, sem um getur í 2. gr. hjer að ofan, skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er til tekið.

4. grein.

Með ferðum landpóstanna frá því í nóvember og til þess í marz eru póstmenn eigi skyldir að taka böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, nema dagblöð í krossbandi.

Allar eldri ákvarðanir, sem koma í bága við þessi lög, eru hjer með úr lögum numdar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 4. dag nóvbrm. 1881.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Nr. 21.
4de
Novbr.

Lov

om

Forandring i Forordning om Postvæsenet af 26de Febr. 1872 og i Lov af 15de Oktbr. 1875 om Forandring i samme Forordning.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Forsendelser, der indeholde trykte Sager under Kors- eller Enkeltbaand, maa veje indtil 5 Pund.

§ 2.

Pakkeforsendelser, der sendes med Postdampskibene mellem Havne i Island og ikke skulle føres over Land, maa veje indtil 10 Pd.

§ 3.

Portoen for de i § 1 omhandlede Korsbaandsforsendelser fastsættes til 3 Øre for hver 10 Kvint eller derunder.

Portoen for de i § 2 ovenfor omhandlede Pakkeforsendelser fastsættes til 10 Øre for hvert Pund og desuden en Assurancepræmie af 5 Øre for hvert 100 Kroner eller derunder af Forsendelsens Værdi, forsaavidt Værdi er angiven.

§ 4.

Med Landpostturene fra November og til Marts ere Postbetjentene, saafremt Omstændighederne efter deres Skjøn ikke tilstede det, ikke pligtige til at modtage til Forsendelse Pakker, der veje over et Pund, med Undtagelse af Dagblade under Korsbaand.

Alle ældre Bestemmelser, der ere i Strid med denne Lov, sættes herved ud af Kraft.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de November 1881.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.